

ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN AUSTURLANDS

2026-2029



AUSTURLAND

think
outside
the circle*



EFNI

1. ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND

- 1.1 Austurland
- 1.2 Áfangastaðaáætlun Austurlands
- 1.3 Markmið
- 1.4 Svæðiskipulag Austurlands 2022-2044
- 1.5 Ferðaþjónusta á Austurlandi í tölum

2. ÁHERSLUR OG AÐGERÐIR Í FERÐAÞJÓNUSTU Á AUSTURLANDI

- 2.1 Áherslur í ferðaþjónustu á Austurlandi
- 2.2 Aðgerðir í ferðaþjónustu á Austurlandi
 - Útivist & leiðangrar
 - Sköpun, menning & matur
 - Þróunarverkefni

3. MARKAÐSSETNING

- 3.1 Hver erum við og hvernig miðlum við því?
- 3.2 Gestirnir okkar
- 3.3 Seglar
- 3.4 Miðlar
- 3.5 Verkfærakista
- 3.6 Aðgerðir í markaðssetningu

4. UPPBYGGING ÁFANGASTAÐA

- 4.1 Áhersluverkefni sveitarfélaga
- 4.2 Vinsælir áfangastaðir
- 4.3 Aðgerðir uppbyggingar
- 4.4 Aðgerðir

1. ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND



ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN AUSTURLANDS

1.1 AUSTURLAND

Austurland er austasti hluti Íslands og jafnframt heiti landsfjórðungsins og áfangastaðarins Austurlands.

Austurland er víðfeðmt svæði, um 15.792 km² að flatarmáli, og einkennist af fjölbreyttu landslagi. Þar er að finna heillandi firði, gróna dali og stórbrotið hálendi, þar á meðal Vatnajökul, stærsta jökul Evrópu. Svæðið er strjálbýlt með um 11.300 íbúa sem búa aðallega í sjávarbyggðum og dreifðum byggðakjörnum. Þrátt fyrir fámenni eru samfélögin á Austurlandi kraftmikil og skapandi.

Náttúra Austurlands er fjölbreytt og þar má finna fossa, fjöll, víðerni og dýralíf. Svæðið býður upp á fjölbreytta útivist, gönguleiðir og náttúruupplifanir, auk menningararfs sem mótast hefur af sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði.

Ferðapjónusta á Austurlandi er fjölbreytt og byggir á náttúru, menningu og rólegu umhverfi. Þrátt fyrir mikla árstíðasveiflu og mestan fjölda ferðamanna yfir sumartímann, býður Austurland upp á gríðarleg tækifæri til ferðamennsku allt árið, ekki síst fyrir vetrartímann.

1.2 ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN AUSTURLANDS

Áfangastaðaáætlun er leiðarvísir um þróun áfangastaðarins Austurlands. Hún er unnin í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki, íbúa og aðra hagsmunaaðila á svæðinu og hefur það markmið að stuðla að sjálfbærri ferðapjónustu og jákvæðum áhrifum hennar á samfélag og umhverfi.

Áætlunin byggir á greiningu á stöðu ferðapjónustu, innviða, aðgengis, náttúruverndar og menningar, og setur fram markmið og aðgerðir til að styrkja Austurland sem áfangastað allt árið um kring. Lögð er áhersla á jafnvægi milli atvinnusköpunar, verndunar náttúru og lífsgæða íbúa, auk þess að dreifa álagi og auka gæði upplifunar ferðamanna.

Áfangastaðaáætlunin er endurskoðuð árlega, þar sem forgangsöröðun aðgerða fer fram í samræmi við stöðu og þróun áfangastaðarins, og er nýr samningur undirritaður í kjölfar hverrar endurskoðunar.


Áfangastaðaáætlun Austurlands 2026–2029 er unnin í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki, íbúa og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Hún tekur mið af aðgerðaáætlun og áherslum frá árunum 2022–2025 og styður við framtíðarsýn um Austurland sem eftirsóknarverðan, sjálfbæran og fjölbreyttan áfangastað allt árið.

ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN AUSTURLANDS

1.3 MARKMIÐ

- **Sjálfbær og ábyrg þróun áfangastaðarins**
Að ferðaþjónusta á Austurlandi dafni í takt við umhverfis-, efnahags- og samfélagsleg sjónarmið, stuðli að jákvæðum áhrifum á búsetugæði, atvinnusköpun og vernd náttúru og menningar, og tryggi jafna dreifingu ferðamanna um svæðið til að sporna við álagi og styðja við sjálfbæra uppbyggingu allra svæða landshlutans.
- **Austurland sem sterkur heilsársáfangastaður**
Að gestir hafi tækifæri til að upplifa Austurland allt árið, kjósi að dvelja lengur, koma aftur og njóti góðra og aðgengilegra samgangna sem styðja við þróun heilsársferðaþjónustu.
- **Samstarf, fræðsla og innviðaðróun sem styrkir atvinnugreinina**
Efla samstarf, stuðning og þekkingu innan ferðaþjónustunnar, þróa innviði sem nýtast bæði íbúum og gestum og tryggja áframhaldandi framgang verkefna Áfangastaðastofu Austurlands.
- **Vörumerki og upplifun áfangastaðarins**
Að styrkja vörumerkið Austurland með markvissri kynningu og markaðssetningu og byggja upp áfangastað sem mætir þörfum og væntingum bæði íbúa og gesta.

1.4 SVÆÐISSKIPULAG AUSTURLANDS 2022-2044



Ævintýri líkast: Menningarlífið er blómlegt og fjölbreyttir möguleikar eru til að stunda útivist og íþróttir, sem gerir landshlutann að spennandi stað til að búa á, starfa og heimsækja.



Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044 markar sameiginlega framtíðar-sýn Fjarðabyggðar, Fljótshlíshrepps, Múlapings og Vopna-fjarðarhrepps fyrir landshlutann. Tilgangurinn er að stilla saman stefnu sveitarfélaganna á sviði umhverfis, efnahags, samfélags og menningar og tryggja þar með sjálfbæra þróun, komandi kynslóðum í hag. Svæðisskipulagið er langtíma stefnumarkandi áætlun sem framfylgt verður með skipulagsáætlunum hvers sveitarfélags og öðrum áætlunum SSA.

Svona verður Austurland 2044:

Á Austurlandi er samheldið fjölmenningarsamfélag með lífsgæði í forgrunni. Litríkt listalíf, ríkur menningararfur og áhugaverðir staðir á fjörðum, héraði og hálendi veita gnótt tækifæra til að upplifa sannkölluð ævintýri. Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf byggir á sjálfbærri nýtingu auðlinda og þekkingu og sköpunarkrafti íbúa.

1.5 FERÐAÞJÓNUSTA Á AUSTURLANDI Í TÖLUM



11.300
íbúar

4 rútufyrirtæki

4 bílaleigur

8 ferðaskrifstofuleyfi

25 ferðasalar dagsferða

21 hótél

31 gistihús

65+ aðrir gistimöguleikar

55 veitingastaðir og kaffihús


2. ÁHERSLUR OG AÐGERÐIR Í FERÐAÞJÓNUSTU Á AUSTURLANDI

2.1 ÁHERSLUR Í FERÐAÞJÓNUSTU Á AUSTURLANDI



2.2 AÐGERÐIR Í FERÐAÞJÓNSTU Á AUSTURLANDI: LEIÐANGRAR OG ÚTIVIST


- **Viðhalda og bæta gönguleiðir og stíga.**
Markvisst viðhald og uppbygging gönguleiða og stíga með áherslu á öryggi, náttúruvernd og góða upplifun gesta.
- **Próa fjölbreyttar leiðir fyrir hjóltreiddar, reið- og skíðafólk.**
Móta og efla sérhæfðar og fjölbreyttar leiðir fyrir mismunandi útivistargreinar sem auka aðdráttarafl svæðisins allt árið og dreifa álagi ferðamanna.
- **Uppfæra kortlagningu útivistarleiða.**
Samræma og uppfæra kort, stafrænar lausnir og upplýsingaveitur um útivistarleiðir til að bæta aðgengi, skipulagningu ferða og öryggi gesta.
- **Bæta áningarstaði og aðstöðu við vegi.**
Efla þjónustu og innviði á áningarstöðum, svo sem salerni, upplýsingaskilti, bílastæði og göngustíga, með sjálfbærni, hönnun og notendavænni upplifun að leiðarljósi.
- **Próa varning og upplifanir tengdar útivistarleiðum.**
Byggja upp samræmda ímynd og frásögn í kringum útivistarleiðir, m.a. í tengslum við skíðasvæði, hlaupa- og hjólaeiðir og náttúruperlur Austurlands, til að styrkja sérstöðu svæðisins.
- **Próa vörur, upplifanir og áfangastaði byggða á náttúru.**
Stuðla að uppbyggingu náttúrutengdra vara og upplifana með áherslu á ábyrgð, gæði og góða hönnun.



- **Styrkja fyrirtæki og frumkvöðla á svæðinu.**
Efla nýsköpun og vöruþróun í ferðaþjónustu með markvissum stuðningi, samstarfi og aðgengi að fjármögnun sem leiðir til nýrra hugmynda og aukinnar verðmætasköpunar.
- **Skilti, aðgengi og öryggismál.**
Hvetja til umbóta í leiðsögn, aðgengi og öryggi á ferðamannastöðum með áherslu á samræmd skilti, aðgengilega aðkomu og greinargóðar upplýsingar.


2.2 AÐGERÐIR Í FERÐAÞJÓNSTU Á AUSTURLANDI: MENNING, SKÖPUN & MATUR

- **Styrkja tengsl ferðaþjónustu, nýsköpunar og matvælaframleiðslu.**
Stuðla að sterkari tengslum milli ferðaþjónustu, skapandi greina og matvælaframleiðslu til að auka verðmætasköpun og sérstöðu Austurlands.
- **Styðja við smáframleiðendur sem vinna með hráefni landshlutans.**
Hvetja til aukinnar nýtingar staðbundins hráefnis og styðja við smáframleiðendur.
- **Fjölga veitingastöðum með áherslu á staðbundið hráefni.**
Stuðla að fjölbreyttara framboði veitingastaða sem leggja áherslu á mat úr heimabyggð og endurspegla matarhefðir og nýsköpun svæðisins.
- **Efla skilning á tengslum neyslu, sjálfbærni og árstíðabundinna hráefna.**
Auka vitund um mikilvægi sjálfbærrar neyslu og notkunar árstíðabundins og staðbundins hráefnis í ferðaþjónustu og matarmenningu.
- **Styðja við samstarf um matarmenningu Austurlands.**
Hvetja til samvinnu um verkefni á borð við Austfirskar krásir og aðra viðburði sem styrkja ímynd svæðisins sem mataráfangastaðar.
- **Hvetja til þverfaglegrar samvinnu menningar og ferðaþjónustu.**
Stuðla að auknu samstarfi menningarstofnana, skapandi greina og ferðaþjónustu til að þróa nýjar upplifanir og styrkja framboð og fjölbreytileika svæðisins.



- **Þróa vörur og upplifanir í samstarfi við skapandi greinar.**
Hvetja til þróunar menningar- og upplifunartengdra vara, viðburða og verkefna sem byggja á menningararfi, listsköpun og sérstöðu Austurlands.
- **Viðhalda og efla tengsl við menningararfinn.**
Stuðla að því að menningararfur Austurlands sé lifandi, aðgengilegur og opinn fyrir nýjum nálgunum og nýsköpun.
- **Styðja við frumkvöðla og nýsköpun í skapandi greinum.**
Efla umhverfi fyrir frumkvöðla og fyrirtæki í skapandi greinum með það að markmiði að styðja nýjar hugmyndir, samstarf og langtímaþróun.

2.2 AÐGERÐIR Í FERÐAÞJÓNUSTU Á AUSTURLANDI: ÞRÓUNARVERKEFNI



EFLING EGILSSTAÐAFLUGVALLAR

Reglulegt millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll eflir aðgengi að Austurlandi sem áfangastað allt árið, styttrir ferðatíma frá Evrópu og stuðlar að jafnvægi í dreifingu ferðamanna um landið. Slík flugþjónusta skapar aukin tækifæri til þróunar og nýsköpunar í ferðaþjónustu, eflir þjónustu við gesti og stuðlar að fjölgun heilsársstarfa. Á sama tíma fá íbúar og fyrirtæki á Austurlandi betri tengingar við erlenda markaði, sem gefur bæði samfélaginu og atvinnulífinu aukin tækifæri og bætt lífsgæði.


Austurbrú tekur þátt í verkefninu Nature Direct í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands, ISAVIA og Íslandsstofu með áherslu á að efla vetrarferðamennsku og bæta framboð á gistingu, afþreyingu og þjónustu.

Austurbrú vinnur í nánú samstarfi við innlenda og erlenda ferðaþjónustuaðila að þróun og eflingu ferðaþjónustu á svæðinu, með það markmið að styrkja stöðu Austurlands sem heilsársáfangastað. Samstarfið er lykilþáttur í því að efla fluggáttina um Egilsstaðaflugvöll, þar sem góð tenging við náttúru, afþreyingu og þjónustu er tryggð við landingu.



AÐGERÐIR: EFLING EGILSSTAÐAFLUGVALLAR

- Unnið er að gerð markaðs- og kynningarefnis sem tengir flugvöllinn beint við áfangastaðinn Austurland. Áhersla er lögð á að kynna sérstöðu svæðisins, helstu upplifanir og aðgengi með beinu flugi frá meginlandi Evrópu.
- Markviss tengslamyndun við ferðaskrifstofur, flugfélög og aðra söluaðila með þátttöku á ferðasýningum og vinnustofum. Jafnframt er komið að skipulagningu kynningarferða (FAM-ferða) fyrir ferðaskrifstofur, blaðamenn og áhrifavalda til að auka þekkingu og áhuga á áfangastaðnum.
- Unnið er í nánú samtali við stjórnvöld og lykilaðila um þróun verkefnisins, m.a. hvað varðar fjárveitingar, samgönguáætlanir og langtímastefnu. Markmiðið er að tryggja samræmda nálgun, pólitískan stuðning og stöðugan framgang verkefnisins.
- Aðgerðin felur í sér markvissa vörumerkjaþróun fyrir Egilsstaðaflugvöll með það að markmiði að styrkja ímynd hans sem alþjóðlegs flugvallar. Unnið er að skýrri staðsetningu flugvallarins, samræmdu ímyndarskyni og skilaboðum, í nánú samstarfi við Isavia, til að styðja við uppbyggingu flugsamgangna.



* Aðgerðir áfangastaðaáætlunar eru samvinna margra aðila sem vinna að verkefnum á ólíkan hátt. Að aðgerðunum koma m.a. Austurbrú, Íslandsstofa, Ferðamálastofa, sveitarfélög, samstarfsaðilar, SSA, Vegagerðin og einkaaðilar.

SAMSTARFSAÐILAR

Samstarfsaðilar er þróunarverkefni á vegum Áfangastaðastofu Austurlands sem miðar að því að efla ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu, menningu og atvinnulíf á Austurlandi í nánú og heildstæðu samstarfi. Verkefnið byggir á stefnu Áfangastaðarins Austurlands og einkennismerkinu Austurlandsstjórnunnar, sem sameinar helstu áherslur landshluta: náttúru, útivist, leiðangra, mat, sköpun og menningu.

Með sameiginlegri stefnu, markvissri uppbyggingu upplifana og þjónustu og öflugum samstarfi styrkir verkefnið stöðu Austurlands sem fjölbreytt og skapandi áfangastaðar. Lögð er áhersla á sjálfbæra þróun og að ferðaþjónustan vaxi í takt við vilja heimafólks.

Samstarfsaðild veitir fyrirtækjum:

- aukinn sýnileika á VisitAusturland.is, VisitIceland.is og öðrum opinberum vettvangi,
- aðgang að markaðsefni, myndabanka og þátttöku í fjölmiðla- og kynningarverkefnum,
- tengslanet og fræðslu í gegnum fundi, vinnustofur og viðburði,
- sérfræðiaðstoð Austurbrúar á sviði markaðssetningar, rannsókna, nýsköpunar og styrkjum,
- stuðning við smá- og matvælaframleiðslu í gegnum Matarauð Austurlands og Matarmót.

Heildarmarkmið verkefnisins er að tryggja að ferðaþjónusta og tengd starfsemi á Austurlandi þróist af ábyrgð, í sátt við samfélagið og með styrkari framtíðarsýn fyrir landshlutann.



AÐGERÐIR: SAMSTARFSAÐILAR

- Stuðningur og efling klasa, t.d. matarklasa, með reglulegum fundum, tengslaneti og stuðningi við sameiginleg verkefni. Jafnframt er veitt aðstoð við styrkumsóknir og vörubróun til að flýta fyrir nýsköpun og framkvæmdum innan klasanna.
- Bæta gæði upplifana og þjónustu með samræmdum upplýsingum, gæðaviðmiðum og fagmennsku. Veita fyrirtækjum sem vilja innleiða umhverfis- og gæðavottanir stuðning. Jafnframt er lögð áhersla á að efla hæfni stjórnenda og starfsfólks í ferðaþjónustu með rafrænum námskeiðum og fræðslu frá Austurbrú, Hæfnisetri ferðaþjónustunnar og öðrum fræðsluaðilum.
- Styrkja og stækka hóp samstarfsaðila Austurbrúar með markvissri uppbyggingu samskipta og samstarfs. Því er m.a. sinnt með reglulegum morgunfundum, samstarfssamningum og árlegum haustfundi sem stuðlar að betra upplýsingaflæði, sameiginlegri stefnumótun og öflugri tengslamyndun innan ferðaþjónustunnar og tengdra greina.
- Styðja við og þróa heilsársferðaþjónustu með því að hvetja til lengri opnunartíma, fjölbreyttara framboðs og aukinnar afþreyingar á öxlum og yfir vetrartímann. Til að skapa stöðugri starfsemi, jafna árstíða-sveiflur og tryggja að gestir geti notið fjölbreyttra upplifana óháð árstíma.
- Áhersla er lögð á að skapa umræðu og vitund um mikilvægi hönnunar-hugsunar í þróun áfangastaða og innviða ferðaþjónustunnar. Með því að hvetja til samstarfs við fagfólk á sviði hönnunar og arkitektúrs má stuðla að faglegri, sjálfbærri og heildstæðri nálgun, sem eykur gæði og styrk verkefna til lengri tíma.
- Skapa vettvang og veita hvatningu fyrir samstarfsaðila til að segja persónulegar sögur af starfsemi sinni, tengslum við Austurland og svæðið sjálft og þannig styrkja sameiginlega ímynd áfangastaðarins.

* Aðgerðir áfangastaðaáætlunar eru samvinna margra aðila sem vinna að verkefnunum á ólíkan hátt.

Að aðgerðunum koma m.a. Austurbrú, Íslandsstofa, Ferðamálastofa, sveitarfélög, samstarfsaðilar, SSA, Vegagerðin og einkaaðilar.

FERÐALEIÐIR

Markmið ferðaleiða um Austurland er að hvetja ferðamenn til að dvelja lengur á svæðinu og njóta þeirrar fjölbreyttu afþreyingar og þjónustu sem landshlutinn hefur upp á að bjóða. Á ferðavef landshlutans, VisitAusturland.is, er að finna ítarlegar ferðaleiðir sem leiða gesti um firði, fjöll og dali Austurlands, auk ferðaáætlana bæði á íslensku og ensku.

Á komandi árum verður unnið áfram að þróun og eflingu ferðaleiða Austurlands í nánú samstarfi við hagsmunaaðila svæðisins, til að tryggja fjölbreyttar og aðgengilegar upplifanir fyrir alla gesti.

THE FJORD WAY (FJARÐALEIÐIN)

Ferðalag um austfirski firði býður upp á kyrrð og náttúruupplifun utan alfaraleiða. Þar mætast ferskur andvari, víðáttumikil fjalllendi og fjölbreytt net gönguleiða í landslagi sem einkennist af mikilli náttúrufegurð. Austurströndin býr yfir ríkri jarðsögu sem endurspeglast í stórbrotnum fjöllum og djúpum fjörðum, auk lifandi menningar og mannlífs sem mótast hefur í nánú tengslum við hafið.




Á leiðinni gefst tækifæri til að upplifa fjölbreyttar náttúruperlur, þar á meðal fossa, gróskumikla dali og fuglabjörg. Borgarfjörður Eystri er heimkynni lundans, og gestir geta fylgst með þessum einstöku fuglum í náttúrulegu umhverfi þeirra. Bátsferðir í firðunum bjóða upp á ævintýralega sýn á brattar klettabrúnir, sjávarlíf og afskekkt vík. Þéttbýliskjarnar á borð við Seyðisfjörð bjóða upp á fjölbreytt menningarlíf, listir, sögu og Regnbogagötuna, sem einkennist af litríkum húsum og skapandi andrúmslofti. Jafnframt gefst kostur á að njóta staðbundinnar matargerðar sem byggir á hráefnum úr nærliggjandi náttúru.

THE HIGHLAND CIRCLE (HÁLENDISHRINGURINN)





Hálendið og dalir Austurlands mynda víðfeðmt landsvæði þar sem saga, náttúra og menning fléttast saman. Þar má rekja mannvist og ferðalög í gegnum aldir í landslagi sem einkennist af öræfum, fjöllum, jöklum og víðáttumiklum óbyggðum. Svæðið er hluti af einu stærsta samfellda óbyggðasvæði Evrópu og býður upp á kyrrð og náttúruupplifun fjarri þéttbýli. Heimkynni hreindýranna gera upplifunina enn sérstæðari og tengja gesti við villta náttúru svæðisins.

Á svæðinu er að finna fjölbreytt náttúruperlur, þar á meðal Hengifoss, Stuðlagil og Hallormsstaðaskóg, stærsta skóg Íslands. Samspil grjóts, gróðurs, vatna og falla mótast einstakt landslag sem endurspeglar bæði krafta náttúrunnar og langa jarðsögu. Ferðalag um hálendi og dali einkennist af ævintýrlegri nálgun, þar sem könnun og upplifun eru í forgrunni. Lögð er áhersla á tengingu við sögu svæðisins, sjálfbæra nýtingu og mat úr héraði, og þannig skapast heildstæð upplifun þar sem náttúra, menning og mannlíf mynda samfellda heild.

THE FJORD WAY // FJARÐALEIÐIN



THE HIGHLAND CIRCLE // HÁLENDISHRINGURINN



VETRARÆVINTÝRI Á AUSTURLANDI

Markmið verkefnisins er að þróa og koma á fót vetrarferðaleið um Austurland sem sameinar náttúruupplifun, útivist, menningu og matarmenningu svæðisins. Leiðin mun gefa gestum færi á að upplifa víðáttumikla firði, há fjöll, snævipökkt hálendi, hreindýr, norðurljós, skíðasvæði, jeppaferðir, snjóþrúgulabb, náttúruperlur eins og Stuðlagil, heit jarðböð eins og Vök Baths, matarupplifun, auk tengingar við listir og handverk.

Verkefnið felur í sér kortlagningu leiðarinnar, þróun upplifunarbundinna áfangastaða og afþreyingar, auk markaðssetningar á leiðinni fyrir ferðamenn á innlendum og erlendum mörkuðum. Jafnframt er stefnt að því að útbúa heildstæða vörumerkjaímynd sem undirstrikar sérstöðu vetrarupplifunar á Austurlandi.

Þróunin mun leggja áherslu á sjálfbærni, náttúruvernd og tengingu við menningu svæðisins, þannig að ferðaleiðin verði bæði upplýsandi og örvandi fyrir gesti, án þess að skerða gæði landslags eða náttúru. Með verkefninu skapast tækifæri til að styrkja ímynd Austurlands sem áfangastaðar fyrir vetrarupplifanir.



DAGAR MYRKURS

Dagar myrkurs er sameiginleg byggðahátíð íbúa á Austurlandi sem hefur það meginmarkmið að efla samveru, samfélagslega tengingu og samheldni á svæðinu. Hátíðin fer fram í upphafi vetrar og sækir innblástur í rótgróin hátíðarhöld sem tengjast þessum árstíma allt frá fornu fari. Þótt hátíðin sé fyrst og fremst ætluð íbúum Austurlands er öllum áhugasömum boðið að taka þátt. Íbúar, fyrirtæki og stofnanir eru hvött til að standa fyrir fjölbreyttum viðburðum, með sérstakri áherslu á fjölskyldur og börn.

Hátíðin stendur yfir í heila viku í lok október og/eða byrjun nóvember. Hún er haldin í tengslum við fyrsta vetrardag, sem ber alltaf upp á tímabilið 21.–28. október, og fellur hrekkjavaka, 31. október, innan hátíðartímans. Á þessum tíma árs héldu norrænir menn til forna umfangsmikil hátíðarhöld, svo sem veturnætur og dísablot, sem markaðu tímamót þegar sumar vék fyrir vetri. Talið var að skilin milli heima væru óljós á þessum árstíma og að handanheimar væru nær, þar sem draugar og huldufólk gátu látið á sér kræla. Með kristnitökunni færðust þessi hátíðarhöld yfir á 1. nóvember og urðu þekkt sem allraheilagramessa. Í öðrum löndum, meðal annars á Írlandi og í Skotlandi, þróuðust sambærilegar hátíðir þar sem minning látinna var í forgrunni. Síðar bárust þessir siðir til Norður-Ameríku með innflytjendum og lifa í dag áfram í þeirri mynd sem þekkt er sem hrekkjavaka.

Dagar myrkurs eru nútímaleg útfærsla á þessum aldagömlu hefðum og marka formlega upphaf vetrar. Með hátíðinni er sumrinu þakkað og veturinn boðinn velkominn. Myrkrið, hið yfirnáttúrulega, rómantík og fornir siðir eru sett í öndvegi með fjölbreyttum hætti. Lykiláhersla er lögð á virka þátttöku íbúa, þar sem frumkvæði að viðburðum og samveru sprettur fyrst og fremst úr samfélaginu sjálfu.



MATARAUÐUR AUSTURLANDS

Matarauður Austurlands er þróunarverkefni á vegum Austurbrúar sem hefur verið unnið í nánú samstarfi við hagaðila á Austurlandi frá haustinu 2019. Meginmarkmið verkefnisins er að halda utan um matvælaframleiðendur á svæðinu, efla samstarf milli framleiðenda og þeirra aðila sem selja, miðla og reiða fram matvæli, auk þess að stuðla að aukinni verðmætasköpun innan greinarinnar. Jafnframt er lögð rík áhersla á að auka sýnileika matvælaframleiðenda í fjórðungnum, bæði innan svæðisins og út á við.

Einn af lykilþáttum verkefnisins er árlegt Matarmót, þar sem matvælaframleiðendur og framleiðendur annarra afurða unnar úr hráefnum Austurlands kynna vörur sínar fyrir almenningi. Gestum gefst þar tækifæri til að fræðast um framleiðsluna, smakka afurðir og kaupa vörur beint frá framleiðendum. Í tengslum við Matarmót hefur jafnframt verið staðið fyrir málþingum, fyrirlestrum og fræðslu sem tengist matvælaframleiðslu, nýtingu náttúruauðlinda og sjálfbærri verðmætasköpun.

Matarauður Austurlands heldur úti heimasíðu þar sem finna má samræmdar upplýsingar um matvælaframleiðendur á svæðinu, veitingastaði sem leggja áherslu á staðbundið hráefni, auk upplýsinga um Matarmót og aðra viðburði tengda verkefninu. Verkefnið hefur jafnframt staðið fyrir fjölbreyttum námskeiðum, námsleiðum, fyrirlestrum og annarri fræðslu sem miðar að því að styrkja fagþekkingu og þróun innan greinarinnar. Í því samhengi hefur skapast mjög gott og markvisst samstarf við Samtök smáframleiðenda matvæla og verkefnið Beint frá býli.

Þátttaka framleiðenda í verkefninu hefur aukist jafnt og þétt frá upphafi og með henni hefur sýnileiki og samvinna innan matvælageirans á Austurlandi styrkst til muna.



3. MARKAÐSSETNING



3.1 HVERNIG ERUM VIÐ & HVERNIG MIÐLUM VIÐ ÞVÍ?

Austurland einkennist af litlum þorpum, stórbrotinni strandlínu, þröngum fjörðum, fossum og fjöllum. Náttúran er alltaf nálæg og landslagið hrífandi. Áfangastaðurinn býður upp á framúrskarandi útivistarmöguleika árið um. Úrval gönguleiða og sumar með þeim bestu í Evrópu, stórskorið og spennandi hálendi, Vatnajökulsþjóðgarður, útsýnistúrar um yfirþyrmandi landslag og meðfram strönd við jaðar Norður Atlantshafsins. Lífstíllinn á Austurlandi er afslappaður en virkur í nánnum tengslum við landslagið og sviptingar í náttúrunni. Leiftrandi sköpunarkraftur einkennir samfélögin og færir fólk saman. Tengslin við menningararfleifðina eru sterk, það er alltaf saga að segja og nýjar sögur verða til.

GILDI

Hvað okkur finnst og hvað er mikilvægast fyrir okkur. Hvað vörumerki okkar á að standa fyrir til lengri tíma og hvað greinir okkur frá öðrum áfangastöðum.

Einstakt
Satt
Sameining
Virðing
Fjölbreytni
Jafnvægi

PERSÓNULEIKI

Hvernig við veljum að tjá okkur í samskiptum og hvernig við viljum láta hugsa um okkur.

Ósvikin
Heiðarleg
Fagnandi
Heillandi
Opin
Skapandi

SKILABOÐ OG MYNDEFNI

Í samskiptum og miðlun segjum við sannar og ekta sögur sem endurspegla sérstöðu, fjölbreytileika og uppruna Austurlands. Með áherslu á fólk, ástríðu og ólík sjónarhorn gerum við áfangastaðinn lifandi og áhugaverðan allt árið um kring.

UPPLIFUN

Við markaðssetjum ekki vörur heldur miðlum við ekta upplifun.

Í DAG

Miðlun okkur um Austurland er í takt við líðandi stund.

LENGRA

Við lýsum ekki bara myndinni heldur förum við handan við það augljósa og segjum sögurnar sem búa að baki henni.

ÁSTRÍÐA

Það er bit eða dýpt í tjáskiptum okkar sem nær til fólks þannig að ástríðan skín í gegn.

STOLT

Við erum stolt þegar við tjáum okkur um Austurland.

VIRÐING

Við getum verið full sjálfstrausts í miðlun okkar en aldrei hrokafull eða ókurteis. Við sýnum ætluðum viðtakendum og Austurlandi virðingu. Við vanmetum ekki gáfur viðtakenda okkar.


GESTRISNI

Við viljum vera vingjarnleg og mannleg. Markmið okkar er að skapa langtíma sambönd og samræður.


MYNDEFNI

Við erum lifandi, segjum sögur, erum virk, erum saman og sýnum ekki myndefni sem gæti ýtt undir óæskilega hegðun ferðamanna.

SJÓNRÆN AUÐKENNING AUSTURLANDS



think
outside
the circle*



3.2 GESTIRNIR OKKAR



VITRI LANDKÖNNUÐURINN
(THE MINDFUL EXPLORER)

- Sjálfstæður, forvitinn og fróðleiksfús.
- Leitar að ró og kyrrð.
- Styður staðbundna þjónustu og sjálfbærni.
- Leitar að dýpri skilning á náttúru og samfélagi.
- Er vel undirbúinn og tilbúinn að velja lengur.
- Er til í að borga meira fyrir gæði og ábyrga ferðaþjónustu.
- Leitar í faldar perlur og minna þekkt svæði.



MJÚKI ÆVINTÝRAMAÐURINN
(THE GENTLE ADVENTURER)

- Rölegur ferðalangur sem leitar í innihaldsríkari upplifanir.
- Vill upplifa eittvað „óvænt“ en ekki erftt.
- Heillast af matarmenningu, listum, viðburðum og fólki.
- Sækir í leiðsögn, skipulag og öryggi.
- Tekur fallegar myndir og deilir sögum.
- Vill njóta en ekki vera sérfræðingur.
- Velur dagsferðir, létta útivist og vel merktar leiðir.



SKAPANDI FLAKKARINN
(THE CREATIVE DRIFTER)

- Skapandi og leitandi ferðalangur.
- Sækir í óhefðbundna staði, ró og frið.
- Leitar eftir „ekta“ tengingu við fólk og staði.
- Fær orku úr umhverfinu.
- Tekur sér tíma og ferðast gjarnan utan háannar.
- Fer sjaldan eftir korti, fylgir stemningu.

*Markhóparnir eru mótaðir út frá sérstöðu Austurlands og þeim upplifunum sem gestir sækja hingað helst. Við val þeirra var horft til greindra ferðamannagerða Ferðamálastofu, en einnig til þess hvað einkennir Austurland sem áfangastað.


3.3 SEGLAR AUSTURLANDS

Við markaðssetningu áfangastaðarins Austurlands er m.a. stuðst við skilgreinda segla landshlutans. Árið 2022 vann Datera greiningu á vinsælustu ferðamannastöðum samkvæmt leitaráhuga ferðafólks á netinu en net- og samfélagsmiðlar eru oft fyrsta snerting við tilvonandi gesti. Greiningin leiddi í ljós að Stuðlagil, Hengifoss, Vök baths og Seyðisfjörður eru vinsælustu ferðatengdu leitarorðin þegar kemur netleit er tengist Austurlandi. Þessir áfangastaðir fá jafnframt flestar heimsóknir ferðamanna þegar í landshlutann er komið. Seglar draga ekki aðeins að sér ferðamenn, heldur beina þeir

einnig athygli gesta að annarri þjónustu, afþreyingu og náttúruskoðunarstöðum í næsta nágrenni. Unnið er markvisst að því að kveikja áhuga ferðamanna á fleiri áfangastöðum í nálægð seglanna, með það að markmiði að lengja dvöl þeirra í landshlutanum – og hvetja þá til að koma aftur og rannsaka Austurland betur í næstu Íslandsferð. Viðbótarseglar eru til skoðunar á grundvelli greininga og verða þróaðir áfram í samráði við hagaðila.



STUÐLAGIL



HENGIFOSS



VÖK BATHS



SEYÐISFJÖRÐUR

VIÐBÓTARSEGLAR - GREINING 2025

Greining á hegðun gesta, leitaráhuga og sýnileika Austurlands á netinu var unnin árið 2025 í samstarfi við markaðsstofuna Dígido. Einnig var stuðst við gögn úr skýrslunni Seglar Austurlands 2022 frá Datera, þar sem gerð var úttekt á leitaráhuga tengdum ferðaleitarorðum fyrir Austurland.

Byggt á niðurstöðum greiningarinnar, ásamt mati ráðgjafa, voru fimm nýir staðir valdir sem lykiláfangastaðir (seglar) svæðisins: Klifurbrekkufossar, Lækjavík (Stapinn í Stapavík), Eggin í Gleðivík, Stóruð og Hafnarhólmi.

Valið er því ekki byggð á huglægu mati eða handvali, heldur mælanlegum gögnum, greiningu og faglegum ráðleggingum sérfræðinga. Niðurstöðurnar endurspeglar stöðu svæða hverju sinni hvað varðar áhuga, leit og stafræna sýnileika. Ef greiningin sýnir að seglar eru að mestu leyti staðsettir í einu sveitarfélagi, en færri í öðru, þá felur það ekki í sér að önnur svæði skorti möguleika. Þvert á móti gefur slíkt mikilvægar vísbendingar um hvar tækifæri liggja til frekari vinnu, t.d. með markvissari kynningu, uppbyggingu og framsetningu helstu staða, þannig að þeir geti með tímanum aukið sýnileika sinn og orðið framtíðarseglar Austurlands.

Staðirnir henta vel fyrir stafræna kynningu og samfélagsmiðla, sem styrkir söðu Austurlands í samkeppni við aðra staði á Íslandi. Þessir fimm áfangastaðir bjóða upp á fjölbreyttar og ólíkar upplifanir. Slík breidd styrkir markmið um að dreifa gestum betur um svæðið, bæta upplifun og lengja dvöl

Hér er að finna dramatískt fjallalandslag og einstaka jarðfræðimyndun í Stóruð, ríkulegt sjávarlíf, fuglavarpi og fjölskylduvænt aðgengi í Hafnarhólma, eftirminnilegt strandsvæði og víðáttumikið útsýni í Stapavík, tilkomumikla fossaröð í Klifurbrekkufossum, auk áberandi lista og menningarupplifunar í Eggjunum í Gleðivík.

Þetta styrkir fjölbreytni áfangastaðarins og eykur aðdráttarafl hans fyrir breiðan hóp gesta. Staðirnir bjóða upp á menningu, dýra og náttúrulíf og göngu og útivistarleiðir af mismunandi lengd og erfiðleikastigi, sem auðveldar þróun afmarkaðra afurða, t.d. leiðsagnargöngur, fjölskylduvænar dagsferðir og lengri gönguleiðir fyrir vana ferðamenn.


3.4 MIÐLAR

Austurbrú rekur ferðavef landshlutans, VisitAusturland.is, þar sem ferðamenn geta nálgast ýmsar upplýsingar um svæðið, m.a. um þjónustu, afþreyingu og áhugaverða áfanga- og áningastaði um allt Austurland. Á vefnum má einnig finna gagnlegar upplýsingar fyrir erlenda ferðamenn um hvernig skynsamlegast er að ferðast um Ísland á ólíkum árstímum. Frá árinu 2024 hafa ferðavefir sveitarfélaganna verið sameinaðir vef VisitAusturland.


Austurbrú heldur einnig utan um samfélagsmiðla í tengslum við ferðavefinn og er hægt að fylgjast með VisitAusturland bæði á Facebook og Instagram.



VisitAusturland á facebook
30.000 fylgjendur
facebook.com/VisitAusturland




VisitAusturland á Instagram
9.600 fylgjendur
@VisitAusturland



Vefurinn VisitAusturland.is er ætlaður öllum gestum og ferðamönnum, innlendum sem erlendum.

3.5 VERKFÆRAKISTA



3.6 AÐGERÐIR: MARKAÐSSETNING

- Auka sýnileika vörumerkisins Austurland og veita greinagóðar og aðgengilegar upplýsingar um landshlutann sem áfangastað.
- Lögð er áhersla á að styrkja heildarímynd Austurlands og tryggja samræmda framsetningu í allri kynningu.
- Unnið er að markvissri kynningu á Austurlandi sem spennandi og fjölbreyttum áfangastað á net- og prentmiðlum. Þar undir falla blaðamannaferðir, skýr vef- og samfélagsmiðlastefna, reglulegar færslur og herferðir, ásamt stöðugri uppfærslu á vef Visit Austurland.
- Efla samstarf við innlenda fjölmiðla til að auka umfjöllun og birtingu efnis um Austurland, náttúru, menningu og upplifanir svæðisins.
- Elft er til tengslamyndunar við mögulega kaupendur, ferðaskrifstofur og söluaðila með virkri þátttöku í ferðakaupstefnum og vinnustofum. Jafnframt er komið að skipulagningu FAM-ferða og almennra kynninga fyrir innlenda og erlenda aðila.
- Styrkja samstarf við sveitarfélög á Austurlandi með sameiginlegum ferðavef undir merkjum Visit Austurland, þar sem lögð er áhersla á samræmda framsetningu og miðlun upplýsinga.
- Útgáfa og reglulegar uppfærslur á markaðs- og kynningarefni, svo sem Austurlandskort, Destination Guide, sýningarefni og öðru efni sem styður við kynningu á áfangastaðnum.
- Fylgjast markvisst með viðhorfum og upplifun ferðamanna með greiningu á niðurstöðum ánægjukannana Ferðamálastofu, til að nýta innsýnina við áframhaldandi þróun og markaðssetningu.
- Skoða möguleg þróun í átt að aukinni notkun heitisins East Iceland í alþjóðlegri markaðssetningu, með Austurland sem stuðningsheiti, til að styrkja skýrleika og alþjóðlega ímynd áfangastaðarins.

4. UPPBYGGING ÁFANGASTAÐA



ÁHERSLUVERKEFNI SVEITARFÉLAGA

Fjarðabyggð

1. Reyðarfjörður: Búðarárfoss – göngustígur og bílastæði við vinsælan viðkomustað ferðamanna og íbúa á Reyðarfirði.
2. Breiðdalsvík: Streitishvarf – göngustígur, bílastæði og nýr aðkomuvegur að áfangastað í vexti.
3. Eskifjörður: Bleiksár foss – hönnun göngustígs og útsýnissvæðis við fossinn til að auka öryggi ferðamanna.

Fljótisdalshreppur

4. Bessastaðargil og Melarétt – hönnun, bílastæði og stígar.
5. Gjárhjalli í Norðurdal – merkingar og gönguleið.
6. Fossaganga við Jökulsá – úrbætur á gönguleið.
7. Laugarfell – viðhald göngustíga.
8. Ranaskógur og Víðivallaháls – fjallahjólaleiðir.
9. Fjallaskarð – merking gönguleiða.
10. Eyjabakkar – merking gönguleiða.
11. Fljótisdalsstígur – frá Hengifossi að Valþjófsstað.
12. Hengifoss – göngustígar og aðgengi.



ÁHERSLUVERKEFNI SVEITARFÉLAGA


Múlaþing

- 13. Baugur Bjólfs – göngustígur, bílastæði og merkingar
- 14. Gufufoss – göngustígur og útsýnispallar
- 15. Eggin í Gleðivík – gangstétt og göngustígur
- 16. Héraðssandur – vegur, bílastæði og merkingar
- 17. Djúpivogur – bílastæði við svörtu sanda, merkingar á gönguleið og Búlandsnesi
- 18. Borgarfjörður – hjólastígakerfi
- 19. Eyvindará í Selskógi – göngubrú yfir yfir í Taglarétt
- 20. Fardagafoss – bætt aðgengi
- 21. Eyvindará - göngubrú yfir á við flugvöll

Vopnafjarðarhreppur

- 22. Gerð miðbæjarskipulags sem styrkir Vopnafjörð sem áfangastað ferðamanna
- 23. Þverárgil – lagning og viðhald gönguleiðar
- 24. Kolbeinstangaviti – bætt aðgengi
- 25. Smábátahöfn – bætt aðgengi

Þetta er lifandi listi sem tekur breytingum eins og við á. Síðast uppfært 2024.



VINSÆLIR ÁFANGASTAÐIR

Fjarðabyggð

Reyðarfjörður

1 Grænafell

Fáskrúðsfjörður

2 Franski grafreiturinn

3 Hafnarnes

Breiðdalur

4 Beljandi

5 Streiti

Mjóifjörður

6 Dalatangi

7 Pramminn

8 Klifbrekkufossar

Norðfjörður

9 Frábær smábær

– Hjallurinn

Fljótsdalshreppur

10 Hengifoss

11 Strútsfoss

12 Skriðuklaustur

13 Valþjófsstaður

14 Laugarfell

15 Óbyggðasetur

16 Sótavistir

17 Tröllkonustígur

Múlaþing

Borgarfjörður eystra

og nágrenni

18 Fuglaskoðunarsvæði

í Hafnarhólma

19 Gamla bryggjan

20 Innra Hvannagil

21 Víknaslóðir

Seyðisfjörður

22 Bjölfur

23 Gufufoss

24 Brimnesviti

Fljótsdalshérað

25 Stuðlagil

26 Fuglaskoðunarsvæði

á Úthéraði

27 Geirsstaðakirkja

Djúpivogur og nágrenni

28 Djúpavogskörin

29 Hálsarætur

– gönguverkefni

30 Bragðavellir


Vopnafjarðarhreppur

31 Hofskirkja

32 Böðvarsdalur

33 Þverárgil

Þetta er lifandi listi sem tekur
breytingum eins og við á.



4.4 AÐGERÐIR

Aðgerðir sem eru unnar í nánú samstarfi við sveitarfélög á Austurlandi og miða að sjálfbærri uppbyggingu ferðaþjónustu í sátt við samfélögin.

- Unnið er með áfangastöðum, höfnum og sveitarfélögum að því að jafna dreifingu gesta skemmtiferðaskipa þannig að komur þeirra styðji við ferðaþjónustu á svæðinu, skapi raunveruleg verðmæti fyrir nærsamfélög og séu í samræmi við þarfir og hagsmuni íbúa.
- Lögð er áhersla á að innleiða hönnunarhugsun við uppbyggingu nýrra áfangastaða og innviða. Sveitarfélög eru hvött til að standa fyrir hönnunarsamkeppnum og efla samstarf við arkitekta og faghönnuði, meðal annars í tengslum við umsóknir til Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustuaðila, til að tryggja faglegar, sjálfbærar og vandaðar lausnir.
- Sveitarfélög eru hvött til að móta og innleiða skýra ferðamálastefnu. Markmiðið er að öll sveitarfélög á Austurlandi hafi ferðamálastefnu sem samræmist áfangastaðaaætlun Austurlands og styður við sameiginlega framtíðarsýn landshlutans.
- Gæta hagsmuna Austurlands í samgöngumálum í samstarfi við sveitarfélög, Samtök sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) og aðra hagsmunaaðila, með áherslu á bætt aðgengi, öryggi og samhæfingu samgangna við þróun ferðaþjónustu.
- Framkvæmd er regluleg viðhorfskönnun meðal heimafólks til að meta áhrif ferðaþjónustu og afstöðu íbúa til þróunar hennar. Niðurstöður eru nýttar í samtali við sveitarfélög og við mótun stefnu og aðgerða, með það að markmiði að ferðaþjónustan þróist í sátt við samfélagið.



AUSTURLAND

A detailed topographic map of Iceland, showing the entire island and surrounding waters. The map is rendered in white lines on a dark gray background, highlighting the intricate terrain, including numerous fjords, mountains, and coastal features. The map is oriented with North at the top.

ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND

Áfangastaðaáætlun Austurlands 2026-2029
Uppfærð útgáfa 2026

VERKEFNASTJÓRAR

Alexandra Tómasdóttir // alexandra@austurbru.is
Erla Dögg Grétarsdóttir // erla@austurbru.is

WWW.VISITAUSTURLAND.IS